

Dómsmálaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Norðurland vestra, 8. janúar 2026

Efni: Umsögn stjórnar SSNV um Jöfnun atkvæðavægis - breyting á kosningalögum.

Dómsmálaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 251/2025, "Jöfnun atkvæðavægis - breyting á kosningalögum nr. 112/2021". Umsagnarfrestur er til og með 08.01.2026.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) gerir eftirfarandi athugasemdir við áform um breytingar á kosningalögum:

Stjórn SSNV lýsir furðu sinni við val á fulltrúum í starfshóp dómsmálaráðherra um jöfnun atkvæða, og þá sérstaklega að allir nefndarmenn skuli koma frá höfuðborgarsvæðinu. Ekki felst mikið jafnvægi sjónarmiða í þeirri skipan og ljóst að strax þar hallar mjög á hlut landsbyggðarinnar.

Stjórn SSNV telur brýnt að markmið um að jafna vægi atkvæða séu metin í samhengi við íslenskar aðstæður, þar sem landfræðileg dreifing íbúa, ólík búsetuskilyrði og byggðaleg sjónarmið skipta verulegu máli. Í núgildandi kosningakerfi hefur vægi atkvæða í dreifðari kjördæmum verið hærra en í þéttbýlli kjördæmum, en það fyrirkomulag hefur gegnt mikilvægu hlutverki við að tryggja að landsbyggðin eigi raunhæfa og virka rödd á Alþingi. Þótt slík skipan feli ekki í sér fullt tölfræðilegt jafnræði, hefur hún stuðlað að því að sjónarmið og hagsmunir íbúa dreifðra svæða komist að í löggjafarstarfi. Rétt er líka að minna á að misvægi atkvæða innan landa er framkvæmt víða í heiminum og má þar nefna Kanada, Noreg, Finnland og fleiri lönd þar sem misvægi atkvæða er beitt með byggðarsjónarmið í huga.

Stjórn SSNV telur að þær breytingar sem boðaðar eru geti, ef þær verða útfærðar án skýrra mótvægisáðgerða, leitt til þess að pólitískt vægi landsbyggðarinnar minnki. Slík þróun gæti haft í för með sér að málefni sem skipta landshlutann miklu máli, svo sem samgöngur, heilbrigðisþjónusta, orkumál, atvinnuþróun og aðgengi að opinberri þjónustu, fái minna vægi í stefnumótun og ákvörðunartöku á landsvísu. Norðurland vestra er landshluti með fámennan íbúafjölda, langar vegalengdir og viðkvæma innviði, þar sem ákvarðanir Alþingis og stjórnvalda hafa afgerandi áhrif á búsetuskilyrði og byggðaðróun.

Stjórn SSNV vill í þessu samhengi leggja áherslu á að jafnræði atkvæða og byggðalegt réttlæti eru ekki andstæð markmið, heldur þarf að vega þau saman með markvissum hætti. Lýðræðislegt jafnræði felst ekki eingöngu í tölulegri jöfnun atkvæða, heldur einnig í því að tryggja öllum landsmönnum raunhæf áhrif á ákvarðanir sem snerta daglegt líf þeirra og framtíð búsetu. Ef breytingar á kosningalögum leiða til þess að rödd landsbyggðarinnar veikist verulega, er hætta á að fjarlægð milli kjósenda á landsbyggðinni og Alþingis aukist og að traust til lýðræðislegra stofnana raskist.

Að mati stjórnar SSNV er því brýnt að við áframhaldandi vinnu við breytingar á kosningalögum verði sérstaða dreifðra byggða höfð að leiðarljósi og að skoðaðar verði leiðir til að tryggja að landsbyggðin njóti áfram fullnægjandi lýðræðislegrar aðkomu að löggjafarvaldinu. Stjórn SSNV hvetur til þess að útfærsla breytinganna taki mið af byggðasjónarmiðum, meðal annars með því að tryggja mótvægisáðgerðir sem varðveita rödd fámennari svæða, og að haft verði virkt samráð við landshlutasamtök sveitarfélaga áður en endanlegar tillögur eru lagðar fram. Með þeim hætti megi ná jafnvægi milli markmiða um aukið jafnræði í atkvæðavægi og þess að tryggja sterkt og virkt lýðræði um allt land.

Að lokum er rétt að hafa í huga að öll ráðuneyti, Alþingi Íslendinga ásamt stærstum hluta ríkisstofnanna eru staðsett í Reykjavík eða á „stór höfuðborgarsvæðinu“. Það er brýnt að raddir og sjónarmið landsbyggðarinnar nái til stjórnkerfisins, og ef það á að ráðast í jöfnun atkvæðavægis og þar með fækka þingmönnum landsbyggðarinnar má ljóst vera að flytja verður stóran hluta ríkisstofnanna og ráðuneyta út á land svo tryggja megi jafnvægi í stjórnsýslu og ákvarðana töku.

Það er því mikilvægt að ef farið verður í breytingar á kosningalögum, verði sú breyting ekki til þess að þingmönnum landsbyggðarinnar fækki á kostnað þingmanna frá „stór höfuðborgarsvæðinu“.

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir
Sveinbjörg/Rut Pétursdóttir,
Framkvæmdastjóri